

## Málþing um samráð við skipulag og mat á umhverfisáhrifum

### Sátt eða sýndarmennska?

Útdráttur úr erindi Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, verkefnastjóra hjá Alta

Sú afstaða að mótun skipulags eigi fyrst og fremst að vera í höndum kjörinna fulltrúa og fagmanna er á undanhaldi og hefur áherslan á samráð við hagsmunaaðila aukist talsvert. Þetta kallar á nýjar vinnuáðferðir og hefur Alta unnið á sviði samráðs í tengslum við mótun skipulags og stýrt íbúðingum víða um land, m.a. vegna skipulagsvinnu.

Í víðustu merkingu má segja að samráð sé þegar leitað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila í tengslum við málefni sem geta haft áhrif á umhverfi þeirra. Fer það eftir verkefninu hverju sinni hve mikið samráð er æskilegt og hvar í ferlinu það á sér stað auk þess sem það getur verið opið eða lokað ferli. Í samráði getur falist hugmyndavinna snemma í ferli sem og frekari mótun á síðari stigum verkefnis. Þó er mikilvægt að það eigi sér stað á meðan mótun á sér stað. Mikilvægt er að samráð sé hluti af ferlinu við mótun skipulags en ekki sjálfstætt fyrirbæri til hliðar við það.

Mikilvægt er að gera greinarmun á kynningu og samráði. Munurinn felst í því að þegar efnt er til samráðs er raunverulega spurt og hlustað. Kynning getur þó verið hluti af samráðsferli, eftir að hugmyndir eru farnar að mótast.

Með skilvirku samráði við hagsmunaaðila og virðingu fyrir ólíkum hagsmunum og sjónarmiðum skapast skilyrði fyrir góðum árangri í mótun skipulags og betri lausnum. Ekki er tryggt að samráð skili einingu um niðurstöður, en með því að breiður hópir hafi fengið tækifæri til að tjá hugmyndir og skoðanir getur fengist meiri sátt.

Lykilatriði er að samráð felur ekki endilega í sér framsal valds yfirvalda til íbúa heldur er það fyrst og fremst samstarf íbúa og yfirvalda. Með notkun samráðsaðferða verður umræðan málefnaleg. Með samræðu ólíkra hagsmunaaðila skapast samlegð og nýjar hugmyndir fæðast. Það skapast sameiginleg sýn sem er mikilvæg í verkefnum þar sem hagsmunaaðilar eru margir og ólíkir. Sameiginlegur skilningur fæst á málefninu. Sýn byggð á þekkingu og upplýstri umræðu er líkleg til að ná fram og skila farsælum árangri.

Mikilvægt er að allir sem koma að samráði hafi tiltekin atriði í huga til þess að árangur megi verða sem mestur. Sveitarstjórnir þurfa að hafa einlægan vilja til þess að hlusta á hagsmunaaðila og sýna það í verki. Ráðgjafar eru í þeirri stöðu að vera fagmenn sem sækja upplýsingar og þekkingu til leikmanna. Aðferðir geta skipt sköpum hvað varðar efnivið sem fæst úr samráði og samræðuna sem skapast. Þar geta hlutlausir milliliðir verið í lykihlutverki, en mikilvægt er að þeir taki ekki ábyrgð frá sveitastjórnnum. Umræðan þarf að vera málefnaleg og þar er mikilvægt að sem flestir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa og að þeir skilji eftir bestu getu milli persónulegra hagsmuna og heildarhagsmuna.

Vaxandi áhersla á samráð í skipulagsmálum er táknið um nýja tíma. Þetta eru spennandi tímar og allir sem eru virkir þátttakendur í breytingunum eru að læra og þroskast. Þessi þróun mun ótvírætt halda áfram og því reynir á að vera opin og skapandi!